

Foreldrafélag Garðaskóla



SKÝRSLA STJÓRNAR 2013-2014

Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að eftirlit foreldra, stuðningur og magn tíma sem varið er með foreldrum og tengsl foreldra við aðra foreldra og vini barna þeirra dregur úr líkum á vímuefnaneyslu og eykur líkur á góðum félagsskap.

Einnig hefur þar komið fram að í skólum þar sem foreldrar starfa saman og þekkja aðra foreldra og vini barnanna sinna eru minni líkur á því að hver einstakur nemandi neyti áfengis og meiri líkur á því að hann fái góðar einkunnir, óháð því hvort foreldrar hans tilheyri þessu tengslaneti foreldra eða ekki.

Þá segja rannsóknir okkur að þátttaka unglinga í skipulögðu tímstundarstarfi og íþróttum sé mikilvæg forvörn gegn vímuefnaneyslu.

Virkir foreldrar eru því mikilvæg forvörn og gera skólann og bæjarfélagið að betri stað fyrir börn að alast upp í.

Aðalfundur foreldrafélagsins, 13.maí 2014, kl. 17.30

Stjórn foreldrafélags Garðaskóla

Í vetur sátu sjö fulltrúar foreldra í stjórn foreldrafélagsins;

Alda Ásgeirsdóttir, fulltrúi stjórnar í Skólaráði (9. bekk),
Edda Rósa Gunnarsdóttir, formaður (9. bekk),
Ellen Svava Guðlaugsdóttir, fulltrúi stjórnar í Grunnstoð (8. bekk),
Hrönn S. Steinsdóttir, gjaldkeri (9. bekk),
Kristín Einarsdóttir, meðstjórnandi (9. bekk),
Ólína Rakel Þorvaldsdóttir, meðstjórnandi (9. bekk) og
Sigríður Guðlaugsdóttir, ritari og samfélagsmiðlari (8. bekk).

Stjórnin fundaði sex sinnum í vetur þar af einu sinni með Brynhildi skólastjóra og Gunnari forstöðumanni Garðalundar, auk þess sem formaður fundaði einu sinni með skólastjóra. Fundargerðir má finna á heimasíðu skólans undir foreldrar.

Helstu verkefni foreldrafélagsins í vetur voru að stofna Facebooksíðu, stofna kennitölu til að geta undirbúið innheimtu félagsgjald til að styðja skólann og nemendur til góðra verka. Þar má helst nefna hugmyndir um viðburði sem tengja nemendur, foreldra og skólann. Í vetur óskaði Rósa deildarstjóri 10. bekkjar eftir því að foreldrafélagið hjálpaði eldri og núverandi nemendum að standa heiðursvörð við jarðaför Ragnars skólastjóra.

Fyrirhuguð verkefni næsta vetur (sem ekki náðust þetta árið vegna þéttar dagsskrár í skólastarfi).

Þjóða uppá vandaða kynlífsfræðslu fyrir börn og foreldra sem mótvægi við klámvæðingu í samfélagi ungs fólks. Ákveðið var í samvinnu við skólastjóra að fá verkefnið "Tölum saman" eða sambærilegt verkefni sem hefur sannað sig í öðrum skólum.

Eitt af markmiðum næsta veturs er að fjalla um einelti með því að fá Selmu Björk Hermannsdóttur, nemanda í FG, til að tala við nemendur næsta haust um einelti sem hún lenti í og hvernig hún náði að vinna

gegn því með aðstoð föður síns. Búið að var að bóka Selmu í vetur en vegna ófyrirséðra atburða þurfti að fresta þessum fyrirlestri fram á næsta vetur.

Horft er til þess að styrkja tengsl foreldra við skólann og Garðalund, með viðburðum og með virkni foreldra á Facebook.

Þá er áformað að styðja betur við bekkjarfulltrúa og virkja þá í starfi foreldrafélagsins.

Skólaráð

Skólaráð Garðaskóla starfar samkvæmt 8. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla og reglugerð nr. 1157 um skólaráð við grunnskóla. Verkefni skólaráðs er að taka þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahlald. Skólaráð er afar mikilvægur og lögboðinn vettvangur foreldra til að koma skoðunum sínum á skólastarfi á framfæri við skólastjórnendur grunnskóla. Ítarlegri upplýsingar um skólaráð má finna á heimasíðu Garðaskóla.

Foreldrar eiga tvo fulltrúa í skólaráði. Veturinn 2013 - 2014 sátu þær **Kristbjörg Ágústsdóttir**, fulltrúi frá Grunnstöðum, og **Alda Ásgeirsdóttir**, fulltrúi frá stjórn foreldrafélagsins í ráðinu. Skólaráð fundaði fjórum sinnum í vetur og má finna fundargerðir á heimasíðu skólans. Á fundunum var m.a. fjallað um skólanámskrá, skólalagatal, ársskýrslu, viðmiðunarstundaskrá, starfsáætlun skólans, heilsustefnu skólans, 60 mín. kennslustundir, prófafyrirkomulag, lífsleikni, skólamat, uppbrotsdaga og fjarvistir, sundtíma nemenda, nýtt námskerfi fyrir nemendur og skipulag skólasvæðis.

Grunnstoð Garðabæjar

Grunnstoð Garðabæjar er samráðsvettvangur foreldrafélaga í Garðabæ. Þar eiga sæti tveir fulltrúar frá hverjum grunnskóla bæjarins, annar fulltrúinn situr í stjórn foreldrafélagsins og hinn er fulltrúi í skólaráði. Fulltrúar Garðaskóla í vetur voru þær **Kristbjörg Ágústsdóttir** fulltrúi í skólaráði og **Ellen Svava Guðlaugsdóttir** úr stjórn foreldrafélagsins.

Tilgangur grunnstoðarinnar er að efla rödd foreldra sem hagsmunahóps og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólamállum. Samstarfið auðveldar foreldrafulltrúum að vera bæjaryfirvöldum og ráðuneyti til aðstoðar um skóla- og fjölskyldumál. Grunnstoð er í samstarfi við Heimili og skóla – landssamtök foreldra.

Grunnstoð Garðabæjar skipar fulltrúa úr sínum röðum í skólanefnd til tveggja ára í senn sem og varafulltrúa. Fulltrúi foreldra situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt sbr. 4 málsgrein, 6. greinar grunnskólalaga nr. 91/2008. Í vetur var fulltrúi foreldra í skólanefnd **Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir** úr Flataskóla. Fulltrúar í Grunnstoðum funda að jafnaði 3 – 4 sinnum á önn og má finna fundargerðir á heimasíðu Garðabæjar undir Þjónusta/Skólar og Menntun/Grunnskólar. Verkefni Grunnstoða eru m.a. að skipuleggja fræðslufund fyrir foreldra sem haldinn er árlega á vorönn og funda með bæjarstjóra tvisvar sinnum á vetri og koma þar milliliðalaust á framfæri óskum og athugasemdum foreldra.

Á fræðslufundi Grunnstoða þetta árið var fjallaðu um einelti í Garðabæ og framtíðarsýn í þeim málum, verkefnið *Jafnrétti, kynheilbrigði og velferð á öllum skólastigum í Garðabæ* og svo kom Hermann Jónsson, faðir Selmu Bjarkar Hermannsdóttur, og kynnti fyrir foreldrum vefsíður og smáforrit á netinu sem börnin okkar eru að nota og hvað við getum gert sem foreldrar til að passa uppá þau þar.

Lokaorð

Stjórn foreldrafélags Garðaskóla heldur ótrauð áfram næsta vetur. Kristín og Sigríður fara úr stjórn og við vonumst til að fá kraftmikla og skemmtilega einstaklinga í þeirra stað.

Við þökkum fyrir okkur.

Gleðilegt sumar!

Alda, Edda Rósa, Ellen, Hrönn, Kristín, Ólína og Sigga